



LAND TÆKIFÆRANNA?

ORKA OG INNVÍÐIR Á LANDBYGGÐINNI

Hallgrímur Steinsson

EFNISYFIRLIT

1-Íbúi í Eyjum

-Hvernig er staðan á húshitun, rafmagni og vatni hjá Íbúum í Vestmannaeyjum ?

2-Atvinnurekandi í Vestmannaeyjum

-Hvernig er að reka fyrirtæki sem nýtir þessa innviði í Vestmannaeyjum?

3-Atvinnuþróun og hagsmunabaráttan í Vestmannaeyjum

-Hvernig er að fjármagna og byggja upp fyrirtæki sem treystir á þessa innviði?

4-Er rétt gefið ? Staðan í eyjum, staðan í innviðamálum!



ÍBÚÍ Í EYJUM

- Eyjarnar:
 - Er ekki alinn upp í Eyjum – aðfluttur frá 2004
 - Á Seltjarnarnesi hugsar fólk ekki tvisvar um að opna glugga og lofta út
 - Kom út á land með væntingar um að innviðamál væru svipuð og á höfuðborgarsvæðinu
 - Frábært að búa í Eyjum: falleg náttúra og skemmtilegt og náið samfélag
- Sameinuðumst með bæjarveituna árið 2002 inn í HS Veitur
 - Lengst af ánægja með sameininguna – farnar að renna tvær grímur á fólk í dag:
 - Skortur á skilningi fyrir sérstöðu Eyjanna
 - HS Veitur að nokkru leiti í einkaeigu og hefur náð að greiða stórfé út á undanförunum árum með undarlegri fléttu um lækkun á hlutafé. Hvað er hugmyndin á bak við það?
 - Með lækkun á hlutafé náðu þeir að greiða sér út 12% árið 2022. Þrátt fyrir að lögbundið hámark sé 7%



Lög um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Eiganda héraðsrafmagnsveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé rafveitunnar. Ákvæði 1. málsl. nær eingöngu til héraðsrafmagnsveitu sem er alfarið í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlögum.

2. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Eiganda hitaveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé hitaveitunnar. Ákvæði 1. málsl. nær eingöngu til hitaveitu sem er alfarið í eigu sveitarfélags og starfar ekki samkvæmt sérlögum.

Yfirlit um eigið fé árið 2022

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2021	853.100	213.275	3.131.293	10.268.509	14.466.177
Leiðrétting vegna 2020				1.414	1.414
Hagnaður ársins				948.835	948.835
Upplausn afskrifta af endurmati			(124.866)	124.866	0
Keypt eigin bréf	(29.400)	(7.350)		(463.250)	(500.000)
Eigið fé 31. desember 2021	823.700	205.925	3.006.426	10.880.374	14.916.426
Eigið fé 1. janúar 2022	823.700	205.925	3.006.426	10.880.374	14.916.426
Hagnaður ársins				805.727	805.727
Upplausn afskrifta af endurmati			(119.762)	119.762	0
Önnur heildarafkoma ársins			1.280.000		1.280.000
Keypt eigin bréf	(98.900)	(24.725)		(1.676.375)	(1.800.000)
Eigið fé 31. desember 2022	724.800	181.200	4.166.664	10.129.488	15.202.153



HS VEITUR Í VESTMANNNAEYJUM

Húshitun

Varmadælustöðin hjá HS Veitum var tekin í notkun á vormánuðum 2018. Hugmyndin er góð – með nýtingu varmadælu má margfalda hitun úr hverri kWh af raforku. Um 3,5–4 COP er nokkuð algengt.

- Skilningur Eyjamanna var að hagkvæmni í veiturekstrinum myndi skila sér í ódýrari kyndikostnaði, annað hefur komið á daginn!
- Ábati verkefnisins hefur eingöngu skilað sér í vasa verktaka og veitunnar. Valinn var búnaður sem hentaði ekki í verkefnið og hefur þurft að standa nánast samfelt í endurbótum frá því búnaðurinn var tekinn í notkun.



HS VEITUR Í VESTMANNNAEYJUM

Húshitun

- Vegna þeirrar uppsetningar í hitaveitukerfinu lenda öll mistök beint á neytendum. HS Veitur, veita sér áfram sín 7 eða 12% í arð af hitaveitustarfsemi í Eyjum, óháð hversu illa þeir reka sín verkefni.
- Þrátt fyrir fjárfestinguna sem kostaði um 1400 milljónir og íslenska ríkið styrkti á sínum tíma hefur verið á heitu vatni hækkað jafnt og þétt síðan stöðin var tekin í notkun. Merkilegt með u.þ.b. 4-faldan sparnað í raforku.
- Verð á heitu vatni er komið í 500 krónur / m³. Neytandinn borgar 300 af því Orkustofnun tekur 200. Upp frá 292 kr í heildarverð og 138 kr í niðurgreiðslu frá ríkinu þegar rafskautaketillinn sá um kyndinguna. 71% hækkun á verðinu til HS Veitna á 6 árum.

RAFVEITA Í VESTMANNAEYJUM

VESTMANNAEYJAR ERU REKNAR Á SÆSTRENGUM

- VM1 – lifir enn en ber lítið
- VM2 – brúkaður í neyðartilfellum líkt og síðasta vetur
- VM3 – viðgerður 2x sinnum – ekki hægt að treysta á til lengri tíma
- VM4-5 – í bígerð hjá Landsnet (2025)

RAFVEITA Í VESTMANNNAEYJUM

- Vestmannaeyjar eru með 30% af uppsjávaraflaheimildum Íslands og verulega bolfiskútgerð einnig.
- Undanfarin ár hafa talsverð bilunartilvik orðið í kerfi Landsnet til Eyja – alvarlegast síðasta vetur (2023) þegar VM3 leysti út og þurfti að keyra á varaafli í langan tíma
- Í rafmagnstruflunum og varaaflskeyrslu hefur sýnt sig að mikið af bilunum verða í búnaði bæði í fyrirtækjum og á heimilum. Ekkert fæst bætt út frá spennugæðum.
- Vonir standa til hjá okkur í Eyjum að Lækjartún spennistöðin, Rimakotslína 2 (jarðstrengur) og VM4&5 skili okkur í viðunandi ástand til lengri tíma litið.
- Á heildina litið er einna skásta staðan í raforkuhlutanum í Vestmannaeyjum þrátt fyrir nokkur skakkaföll undanfarin ár.



- Rak fiskþurrkun í Eyjum í 7 ár
Líklega 2x–3x falt hærri
orkukostnaður – engar
niðurgreiðslur á kyndikostnaði
- Mjög erfiður rekstur að vinna
aukaafurðir á Íslandi,
nauðsynlegir innviðir fyrir
fiskvinnslu þó
- Mjög ójöfn samkeppnisstaða milli
landshluta. Köld svæði eiga mjög
undir högg að sækja –
Vestmannaeyjar og Ólafsvík.

- Í byrjun var Langa skert þrátt fyrir að
vera á forgangsorku – aldrei neinar
bætur fyrir þær skerðingar
- Varaafli er ekki nóg í Eyjum – HS
Veitur voru að selja Landsnet 8 MW
en gátu bara afhent 4–5 MW. Engar
framfarir í þeim málaflokki frá því
bæjarveitan var starfrækt. HS Veitur
upplifir engar skyldur hjá sér
gagnvart samfélaginu til að vinna í
þessum innviðamálum. Dönsku
kaupmennirnir okkar.


ATVINNUREKANDI Í EYJUM

- HS Veitur benda á Landsnet sem er vissulega ábyrgt fyrir málaflokknum – Landsnet setti upp meira varaafli í Eyjum með gámastöðvum.
- Langa endaði á skerðanlegum taxta fyrir flutning með sitt eigið varaafli. Hefur óskað eftir að fara út af taxtanum sem hefur verið hafnað. Ef innviðirnir væru í lagi, þyrfti að hafna því
- Kominn yfir í Laxey – og nú fyrst treystum við á að kerfið standi sig – og umbæturnar sem hefur verið lofað komi með VM4&5

ATVINNUREKANDI Í EYJUM


ATVINNUÞRÓUNARVERKEFNI – LAXELDI Á LANDI

- Samfélagið og náttúrulegar aðstæður á suðurströndinni gera að verkum að Vestmannaeyjar eru vel til þess fallnar að reka laxeldi.
- Byrjuðum að vinna í stofnun laxeldis árið 2019, breyttum skipulagi og gerðum umhverfismat í Viðlagafjöru sem er á norð-austurhorni Heimaeyjar.
- Hitastig sjávar, öflugt samfélag með mikla reynslu í rekstri matvælaíðnaðar – margt með okkur.
- Höfum alla tíð þurft að sannfæra fjárfesta um að raforku- og ferskvatnsinnviðir séu nægjanlegir til að reka fiskeldið. Trúin á samfélagið og staðsetninguna er til staðar.



ATVINNUÞRÓUNARVERKEFNI – LAXELDI Á LANDI

- Keyptum okkar eigin ferskvatnsframleiðslubúnað – RO síur – getum framleitt 2x falt á við notkun seiðaeldisins sem er útbúið með nýjustu tækni í vatnssparnaði – RAS kerfi í ferskvatni.
- Erum með varaafli á báðum fiskeldissvæðum. Nýja hraunið er mjög lekt og gefur mikið magn af sjó upp úr jörðinni sem er laus við fiskisjúkdóma – okkar forskot miðað við önnur svæði.
- Lán að verkefnið skyldi vera komið í gang þar sem það er að nokkru leiti rökstuðningur fyrir aukinni notkun sem þurfti til að rökstyðja tvo rafstrengi VM4&5 sem verða undirstaða rafvæðingar á Eyjunni t.d. í bræðslunum með minnkaðri losun á CO2



STADAN Á ÍSLANDI

ER RÉTT GEFID?

- Undirstaða þess að fólk geti byggt upp ný fyrirtæki eru innviðir. Það er víða ekki komið almennilegt þriggja fasa rafmagn
- Stór hluti af raforkuframleiðslunni er á suðurlandi Íslands en nú fyrst eftir 2 ár verður komin almennileg tenging við Vestmannaeyjar sem er þó eitt sterkasta atvinnusvæði á Suðurlandi
- Of mikið verið að horfa í ávöxtunarútreikninga á fjárfestingar í innviðum. Ef innviðirnir eru til staðar má treysta vel menntuðu og öfluggu fólki til að skapa sín tækifæri

STADAN Á ÍSLANDI

ER RÉTT GEFID

- Við sem búum úti á landi borgum sömu skatta og höfum aldrei samþykkt að búa við verri lífskjör. Auðvitað skilningur á að það verður ekki háskólasjúkrahús í hverjum landshluta – en mjög langt á milli þess hvað er boðlegt og hvað við erum að fá í augnablikinu.
- Þegar innviðirnir verða til staðar munu byggðirnar taka við sér, það er öruggt. Stjórnmálamenn þurfa að taka orkumálin föstum tökum og tryggja að réttur þeirra sem vilja nýta orkuna sé að minnsta kosti jafn þeirra sem eru á móti meiri orkuöflun og umbótum í innviðum.



TAKK FYRIR